

## Spurningar og svör vegna skipstjórnarskírteina á skemmtibáta

### Þarf skipstjóri á skemmtibát nú sérstakt skírteini?

Já, síðan 1. janúar 2008 skv. lögum nr. [30/2007](#).

### Hvaða bátar teljast skemmtibátar?

Með skemmtibátum er í lögum nr. [30/2007](#) átt við þau skip sem skrásett eru sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. [115/1985](#), en bátar 6 metrar og lengri eru skráningarskyldir.

### Hver gefur út skipstjórnarskírteini á skemmtibáta?

Siglingastofnun Íslands gefur út slík skírteini. [Umsóknareyðublöð](#) má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.

### Hvar gildir skírteinið sem ég fæ útgefið hjá Siglingastofnun?

Það gildir við Íslandsstrendur og annars staðar í heiminum eftir því sem skírteinið heimilar og skv. reglum einstakra ríkja. Skírteini til strandsiglinga gildir jafnframt sem alþjóðlegt skírteini til strandsiglinga og er byggt á fyrirmynd Sameinuðu þjóðanna ([ICC- skírteini](#)).

### Hvar er að finna kröfur um heimild til að stjórna skemmtibátum?

Kröfur um skírteini er að finna í 7. gr. laga nr. [30/2007](#) og 17. gr. reglugerðar nr. [175/2008](#)

### Þarf einhver vélstjórnarskírteini á skemmtibáta?

Ekki þarf sérstakt vélstjórnarskírteini á skemmtibát með 750 kW vélarafli og minna.

### Hver eru skilyrði skírteinisins?

- hafa náð **16 ára aldri**,
- staðist **bóklegt og verklegt próf** til mismunandi gerða skemmtibáta og farsviða.
- vera **íslenskur ríkisborgari** eða með heimilisfesti á Íslandi.
- **vottorð læknis** um sjón, heyrn og heilbrigði sjómanna yngra en 6 mánaða til að sinna skipstjórn skemmtibáts af öryggi.

### Hvað gögn þurfa að fylgja umsókn um skírteini?

- **Vottorð prófdómara bóklegs prófs**
- **Vottorð prófdómara verklegs prófs**
- **Læknisvottorð** um sjón, heyrn og heilbrigði sjómanna yngra en 6 mánaða.
- **Ein mynd í vegabréfastærð.**

**Skírteinisgjald** er kr. 4.000 og greiðist á skrifstofu Siglingastofnunar eða gegnum netbanka. Kvittun skal senda á netfangið [sigling@sigling.is](mailto:sigling@sigling.is) eða á fax 560 0060. Um reikningsupplýsingar má sjá á umsóknareyðublaði.

### Eru skírteinin bundin ákveðnu farsviði?

Jú, það er rétt. Þau eru strandsigling (innan 50 sjómílna frá strönd) og sigling á [takmörkuðu farsviði\\*](#), sigling á ám, vötnum og vatnaleiðum innan Evrópu og úthafsiglingar.

\* sjá 16. og 17. tölul. 3. gr. rg. nr. [377/2007](#)

### Hverjir geta fengið skírteini til skipstjórnar á skemmtibátum í strandsiglingu og siglingu á takmörkuðu hafsvæði?

- Þeir sem hafa atvinnuskírteini til skipstjórnar á íslensk skip þurfa ekki sérstakt skemmtibátaskírteini til strandsiglinga við Ísland, en vilji þeir fá útgefið skemmtibátaskírteini ([ICC- skírteini](#)) þurfa þeir

að gangast undir verklegt próf enda hafi þeir ekki áður lokið sambærilegu prófi/námskeiði að mati Siglingastofnunar Íslands.

- Þeir sem hafa staðist bók- og verklegt próf skv. reglugerð menntamálaráðuneytis nr. [393/2008](#).
- Þeir sem eru handhafar íslensks skemmtibátaskírteinis ([ICC-skírteini](#)).
- Þeir sem eru handhafar erlends skemmtibátaskírteinis ([ICC- skírteini](#)) og hafa sannanlega viðeigandi þekkingu á fjarskiptum og lokið prófi í því námsefni sem krafist er til íslensks skemmtibátaskírteinis og er umfram kröfur til ICC-skírteinis

### **Hverjir geta fengið skírteini til skipstjórnar á siglingu á ám, vötnum og vatnaleiðum innan Evrópu?**

- Þeir sem hafa amk. 30 brl. atvinnuskírteini til skipstjórnar skv. rg. nr. [175/2008](#) geta fengið slíkt skírteini, hafi þeir staðist bóklegt ([CEVNI](#)) og verklegt próf enda hafi þeir ekki áður lokið sambærilegu prófi/námskeiði að mati Siglingastofnunar Íslands.
- Þeir sem eru handhafar íslensks skemmtibátaskírteinis ([ICC –skírteini](#)) þurfa að hafa staðist bóklegt próf ([CEVNI](#)).
- Þeir sem hafa staðist bóklegt ([CEVNI](#)) og verklegt próf skv. reglugerð menntamálaráðuneytis nr. [393/2008](#).

### **Hverjir geta fengið skírteini til skipstjórnar á skemmtibátum í úthafssiglingu; þ.e. siglinga án takmarkana:**

- Þeir sem hafa ótakmarkað atvinnuskírteini skv. skipstjórnarnámi C, sbr. rg. nr. [175/2008](#) og [416/2003](#) geta fengið slíkt skírteini á vélskip, en þurfa að standast verklegt próf á seglskip.
- Þeir sem hafa staðist bók- og verklegt próf skv. reglugerð menntamálaráðuneytis nr. [393/2008](#).
- Þeir sem eru handhafar erlends skemmtibátaskírteinis (Yachtmaster offshore og Yachtmaster ocean).

### **Hver má skipuleggja bókleg próf?**

Sá sem skipuleggur bóklegt próf skal:

- vera handhafi þess skírteinis sem prófið veitir rétt til
- geta lagt til aðstöðu sem er fullnægjandi að mati Siglingastofnunar og prófdómara
- tilkynna Siglingastofnun með 30 daga fyrirvara um fyrirhugað próf
- ganga úr skugga um að sá sem mættur er til próftöku sé sá sem skráður er til prófs

### **Hver má skipuleggja verkleg próf?**

Sá sem skipuleggur verkleg próf skal:

- vera handhafi þess skírteinis sem prófið veitir rétt til
- geta lagt til aðstöðu sem er fullnægjandi að mati Siglingastofnunar og prófdómara
- geta lagt til bát afgerð og stærð sem telst fullnægjandi til nota við verkleg próf
- tilkynna Siglingastofnun með 30 daga fyrirvara hvenær óskað sé eftir að prófið fari fram
- ganga úr skugga um að sá sem mættur er til próftöku sé sá sem skráður er til prófs

### **Hverjir geta verið prófdómarar og hvert er hlutverk þeirra?**

Prófdómarar:

- bóklegs prófs skulu hafa lokið skipstjórnarnámi A (<24 metrar að skráningarlangd)
- verklegs prófs skulu vera handhafar sambærilegs skemmtibátaskírteinis
- hafa yfirumsjón með framkvæmd prófa og eftirlit með að próf séu í samræmi við námskrá

- skulu vera óháðir og meta úrlausnir og færni
- verklegs prófs skulu senda Siglingastofnun skýrslu um framkvæmd prófs, lýsa aðstæðum, veðri og þeim búnaði sem notaður var
- skulu gefa út vottorð til þeirra sem standast próf

### Hvar eru bókleg próf haldin?

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins heldur [námskeið og bókleg próf](#) sími 514 9000

### Hvar eru verkleg próf haldin?

Siglingastofnun Íslands hefur skipað eftirtalda einstaklinga til að vera prófdómarar í bók- og verklegum prófum vegna skipstjórnarskírteinis á skemmtibáta, skv. 4. gr. reglna um próf til skemmtibátaskírteinis, nr. [393/2008](#). Þeir sem áforma að sækja um skipstjórnarskírteini á skemmtibát þurfa að ljúka bóklegu og verklegu prófi. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins heldur [námskeið og bókleg próf](#). Til að ljúka verklegu prófi eru þeir sem áhuga hafa beðnir um að hafa samband við einhvern eftirtalinna prófdómara, eftir því sem við á.

#### Prófdómarar bóklegra prófa á skemmtibáta:

Kjartan Örn Kjartansson	sími 895 1414	til 30.05.2013
Vilbergur Magni Óskarsson	sími 898 4467	til 30.05.2013
Haukur Sigurðsson	sími 898-3519	til 15.05.2013
Guðbjörn Páll Sölvason	sími 895 6399	til 02.05.2016 (Ísafjörður)
Jón Magnússon	sími 861 4321	til 01.09.2016 (Akureyri)

#### Prófdómarar verklegra prófa á skemmtibáta (vélskip):

Kjartan Örn Kjartansson	sími 895 1414	til 30.05.2013
Vilbergur Magni Óskarsson	sími 898 4467	til 30.05.2013
Magni Kristjánsson	sími 477 1255	til 01.09.2013 (Neskaupstaður)
Jón Magnússon	sími 861 4321	til 01.09.2016 (Akureyri)
Guðbjörn Páll Sölvason	sími 895 6399	til 02.05.2016 (Ísafjörður)

#### Prófdómarar verklegra prófa á skemmtibáta (seglskip):

Ísleifur Friðriksson	sími 695 5117	til 12.06.2013
Jón Pétur Friðriksson	sími 694 2314	til 12.06.2013
Kjartan Örn Kjartansson	sími 895 1414	til 25.09.2013
Öundur Ingi Jóhannsson	sími 891 8747	til 12.03.2014
Jón Magnússon	sími 861 4321	til 01.09.2016 (Akureyri)

### Verður boðið upp á námskeið til undirbúnings bók- og verklegra prófa?

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins heldur [námskeið](#), sími 514 9000

### Er einhver lágmarkseinkunn til að standast bókleg og verkleg próf?

Lágmarkseinkunn í bóklegu prófi er 7 í siglingareglum og siglingafræði, 5 í öðrum bóklegum námsþáttum og skal meðaleinkunn ekki vera lægri en 6. Verklegt próf er háð mati prófdómara.

### Hverjar eru námskröfur í prófunum?

Um námskröfur má sjá í [Námskrá](#) Siglingastofnunar Íslands um skemmtibátaskírteini.

### Get ég notað minn bát í verklegu prófi?

Jú, það er heimilt ef báturinn er 7 metrar eða lengri að skráningarlengd.